

um helgina



Í salnum sem kenndur er við meistara Kjarval situr þessi myndarlega valkyrja.

Afmælissýningunni að Kjarvalsstöðum lýkur um helgina

Afmælissýningu Myndlista- og Handíbaskóla Íslands lýkur að Kjarvalsstöðum um helgina. A sýningunni kennir margra grasa, allar deildir skólans sýna vinnu

nemenda og í anddyri hússins er minningarsýning um Kurt Zier sem lengi var skólastjóri MHI. Sýningin er opin frá kl. 2 — 10 laugardag og sunnudag.



Úr Tófuskinninu

Sýning Listdansskólans

Nú um helgina verður hin árlega nemendasýning Listdansskóla Þjóðleikhússins, þar sem milli 70 og 80 nemendur skólans sýna dansa, sem skólastjórinn, Ingibjörg Björnsdóttir hefur samið og æft. Er um að ræða tvo balletta: Dagdraum Jóhönnu við tónlist eftir Albanoz og Dægrastyttingu við tónlist Iberts. Þá mun Íslenski dansflokkurinn og

nemendur skólans dansa hinn vinsæla leikdans Tófuskinninn, sem finnski danshöfundurinn Marjo Kuusela samdi fyrir Þjóðleikhúsið eftir smásögu Guðmundar Hagalín. Sem fyrr segir er það Ingibjörg Björnsdóttir, sem á veg og vanda af nemendasýningunni en sýningarnar verða á laugardag og sunnudag klukkan 15 báða dagana.

Bænadagur á morgun

Beðið fyrir „andlega og trúarlega vannærðum“ börnum

Hinn almenni bænadagur íslensku þjóðkirkjunnar er á morgun, 20. maí og hefur biskup Íslands að vanda valið deginum sérstakt bænarefni. Vill hann, að í tilefni barnaársins verði við guðsþjónustur prédikað og beðið fyrir kristnu UPPELDI BARNA Á ÍSLANDI.

Í ávarpi vegna dagsins ræðir hann um „andlega vannærð börn“ sem foreldrarnir gefi sér ekki tíma til að vera með, og um „trúarlega vannærð börn“ í landinu, sem ekki fái svalað þeirri trúarþörf, sem hverju barni sé í brjóst borin.

—vh

Svissnesk mánudagsmynd

Hér á landi hefur lítið borib á svissneskri kvikmyndagerð. Þó eiga Svisslendingar nokkra góða kvikmyndagerðarmenn sem eru hægt og bítandi að byggja upp kvikmyndagerð í heimalandi sínu. Úr þessum hópi eru þeir Claude Goretta og Alain Tanner líklega þekktastir en þeir hafa kynnt land og þjóð mikið með myndum sínum. Háskólabló hefur nú fengið til sýningar mynd eftir Alain Tanner sem ber heitið MIÐJA HEIMSINS (Le Milieu du Monde) frá 1974 og mun sýna hana sem mánudagsmynd næstu 3 mánudaga.

MIÐJA HEIMSINS fjallar um samband tveggja eintaklinga í svissneskum smábæ, sem stóð aðeins í 112 daga. Hún er af ítölsku bergi brotin og vinnur á litlu kaffihúsi en hann er framagjarn verkfræðingur sem er að þreifa fyrir sér á vettvangi stjórnmálanna. Fljótlega koma í ljós andstæð lífsviðhorf þeirra sem mótast af ólíkum bakgrunni svo þau fjarlægjast hvort annað smátt og smátt. Bak við þennan einfalda söguþráð leynast svo stjórnmála og sálarfræðilegir þættir sem Tanner meðhöndlar af miklu öryggi.

Alain Tanner er fæddur í desember 1929 og verður því fimmtugur á þessu ári. Hann gerði sína fyrstu mynd 1957 í Bretlandi í samvinnu við landa sinn Claude Goretta en áður hafði Tanner þvælst víða um heim. Árið 1962 sneri hann starfið til Sviss og hefur starfað þar síðan. Hann á að baki 7 myndir af fullri lengd en þekktastar þeirra eru La Salamandre sem hann gerði 1971 (og var sýnd sem mánudagsmynd 1975), Le Retour D' Afrique (1973) og Jonas, Qui Aura 25 Ans en L' An 2000 (1976). Þá er ótalin nýjasta mynd hans sem ber heitið Messidor en hún var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín sl. febrúar við mikið lof gagnrýnenda. Þess má einnig geta að Háskólabló hefur fest kaup á annarri svissneskri mynd en það er verblaunamyndin Knippelingastúlkan (La Dentelliere) sem Claude Goretta leikstýrir.

Bandarísk listakona

Í Gallerí Sudurgötu 7 stendur yfir sýning bandarísku listakonunnar Mary Beth Edelson.

Hún sýnir þar ljósmyndir af helgiathöfnum og myndir af samstarfskonum sínum við heldur óvenjulegar aðstæður. Sjón er sögu ríkari. Sýningin er opin frá kl. 2 — 10 um helgina.



Mary Beth Edelson við eitt verka sinna



Dagur hestsins á Melavellinum

Á sunnudaginn verður „dagur hestsins“ á Melavellinum. Þar verða sýndir flestir bestu gæðingar landsins í atriðum sem

aldrei áður hafa verið á hestamótum hér á landi. Sýningin hefst kl. 2 og verður endurtekin kl. 4.30.



Rögnvaldur Sigurjónsson píanóleikari

Rögnvaldur Sigurjónsson með tónleika í Mosfellssveit


Rögnvaldur Sigurjónsson píanóleikari heldur tónleika að Hlégarði í Mosfellssveit kl. 15:00 í dag.

A efnisskránni eru verk eftir

Mozart, Beethoven, Schumann, Debussy og Chopin. Það er Tónlistarfélag Mosfellssveitar sem gengst fyrir tónleikunum og er öllum heimill aðgangur.

Listiðnaðarsýningu að ljúka í Norræna húsinu

Nú um helgina lýkur í Norræna húsinu sýningu á dönskum listiðnaði. Hún verður opin frá kl. 2 — 10 laugardag og sunnudag.



Glervasi á sýningunni í Norræna Húsinu

Umboðsmaður

óskast í Garðabæ til afleysinga í sumar í 1 til 2 mánuði.

Upplýsingar á afgreiðslu Þjóðviljans í síma 81333.

ÞJÓÐVILJINN

Auglýsið í Þjóðviljanum

ÞJÓÐVILJINN